

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 7. júní 2016 á Kjóavöllum.

12. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Kristín Njálisdóttir, Sigurður Tyrfingsson, Berglind Guðmundsdóttir, Helga Hermannsdóttir, Ragna Emilsdóttir og Hermann Vilmundarson boðuðu forföll.

Á þessum fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar.
2. Starfsmannamál: Sveinbjörn tilkynnti stjórnarmönnum að Hafdís Svava hefði látið af störfum fyrir félagið. Málið rætt og farið yfir stöðu starfsmannamála hjá félaginu. Ekki tekin ákvörðun um ráðningu starfsmanns í stað Hafdísar að svo stöddu. Ákveðið að halda vinnufund stjórnar með framkvæmdastjóra fljótlega eftir sumarfrí. Þá verði tekin ákvörðun um tilhögun starfsmannamála fyrir vetrarstarf félagsins.
3. Berglind fór yfir stöðu mála varðandi bókhald félagsins. Búið að setja upp DK kerfið og var Hafdís byrjuð á að bóka reikninga. Ákv. að gera tímabundinn samning við starfsmann hjá Prepi ehf. til þess að klára bókun reikninga sem af er þessu ári þannig að eftir sumarfrí verði hægt að taka stöðuna á útkomu hinna ýmsu viðburða sem haldnir hafa verið á árinu, þ.m.t. allt mótahald félagsins.
4. Sveinbjörn greindi frá útkomu á gæðingarkeppni Sprettis sem fram fór um síðustu helgi ásamt úrtöku fyrir Landsmót. Mótið var myndarlegt í alla staði og á mótanefnd og aðrir félagsmenn sem komu að vinnu við mótið hrós skilið fyrir frammistöðu sína.
5. Önnur mál. Sveinbjörn fór yfir skipulag starfs í tengslum við Landsmótið á Hólum. Ragnheiður Samúelsdóttir og Rúna Einarsdóttir hafa haldið utan um undirbúning fyrir unga fólkið í félaginu. Sprettur fer á Landsmót með myndarlegan hóp þátttakenda og búið að fá aðstöðu á Hofi fyrir hópinn. Þá var samþykkt af stjórn að styðja unga fólkið enn frekar og greiða keppnisgjald knapa í barna, unglinga og ungmennaflokki á Landsmóti 2016 eins og gert var á síðasta móti sem haldið var á Hellu. Gjaldið í ár er kr. 8.000.- pr. knapa.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir